

FUNDARBOÐ

263. fundur Sveitarstjórnar Borgarbyggðar verður haldinn í fundarsal að Digranesgötu 2, fimmtudaginn 10. apríl 2025 og hefst kl. 16:00

Dagskrá:

Almenn mál

1. 2102062 - Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri flytur skýrslu sveitarstjóra

2. 2504002 - Ársreikningur Borgarbyggðar 2024

Afgreiðsla frá fundi 703. fundi byggðarráðs: "Drög að ársreikningi Borgarbyggðar fyrir árið 2024 lögð fram. Rekstur A-hluta Borgarbyggðar var gerður upp með 319 m.kr. afgangi á árinu 2024 en samstæða A- og B- hluta skilaði afgangi upp á 440 m.kr. Rekstrartekjur A-hluta námu 6.556 m.kr. og samstæðu 7.551 m.kr. og jukust um 10% milli ára. Hagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 486 m.kr. af A-hluta og 773 m.kr. af samstæðu. Veltufé frá rekstri A-hluta var jákvætt um 668 m.kr. og handbært fé frá rekstri 728 m.kr. en samstæða Borgarbyggðar skilaði veltufé frá rekstri að fjárhæð 892 m.kr. og handbæru fé frá rekstri upp á 992 m.kr. Afkoma af rekstri er vel viðunandi og sjóðstreymi er sterkt sem endurspeglar góða fjárfestingargetu sveitarfélagsins. Afkoma af rekstri A-hluta er þó ívið lakari en árið áður og framlegð frá rekstri (EBITDA) var lægri en áætlað hafði verið, aðallega vegna meiri hækkunar á hreinum kostnaði við félagslega aðstoð en áætlað hafði verið. Á árinu 2024 fjárfesti sveitarfélagið í varanlegum rekstrarfjármunum fyrir 1.018 m.kr. og var stærsta fjárfestingin í endurbyggingu Grunnskóla Borgarfjarðar á Kleppjárnareykjum. Öll fjárfesting var fjármögnuð með sjóðstreymi frá rekstri og handbæru fé og því án lántöku. Heildareignir A-hluta Borgarbyggðar voru í árslok 2024 bókfærðar á 10,2 ma.kr. og eignir samstæðu á 12,6 ma. Skuldir og skuldbindingar A-hluta námu 3,9 ma.kr. og samstæðu 5,8 ma.kr. Hreinar vaxtaberandi skuldir A-hluta (án lífeyrisskuldbindinga) voru í árslok um 1,4 ma.kr. Skuldaviðmið skv. fjárhagslegu viðmiði sveitarstjórnarlaga var 27% í árslok 2024 fyrir A-hluta og 35% fyrir A- og B-hluta saman sem endurspeglar hagstæða skuldastöðu og gott svigrúm til fjárfestingar. Byggðarráð samþykkir að vísa ársreikningi Borgarbyggðar fyrir árið 2024 til fyrri umræðu í sveitarstjórn. Samþykkt samhljóða."

3. 2502016 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2025

Afgreiðsla frá 703. fundi byggðarráðs: "Byggðarráð samþykkir framlagðan viðauka við fjárhagsáætlun 2025. Í honum felst hækkun á hreinum á rekstrarkostnaði upp á samtals 106,6 m.kr. Þar vega þýngst hrein kostnaðaráhrif af nýjum kjarasamningi við Kennarasamband Íslands. Samþykkt er hækkun á framkvæmda- og fjárfestingaáætlun að fjárhæð 21,2 m.kr. vegna búnaðarkaupa í Grunnskólanum í Borgarnesi að fjárhæð 16,2 m.kr. og Haukagilsgirðingar að fjárhæð 5,0 m.kr. Samþykkt samhljóða og vísað til fullnaðarafgreiðslu í sveitarstjórn."

4. 2503350 - Lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga 2025

Afgreiðsla frá 703. fundi byggðarráðs: "Framlagt en umsóknin er nú til umfjöllunar hjá Lánasjóði sveitarfélaga en í umsókninni felst að lántaka vegna seinni hluta framkvæmda við endurnýjun húsnæðis GBF á Kleppjárnsreykjum og byggingar fjölnota íþróttahúss - knatt húss í Borgarnesi. Samtals er gert ráð fyrir að lántaka Borgarbyggðar hjá Lánasjóði sveitarfélaga verði 2,0 ma.kr. á árinu 2025."

5. 2412008 - Gjaldskrár 2025

Framlögð tillaga að uppfærðri gjaldskrá fyrir félagsheimili í Borgarbyggð.

6. 2205140 - Kosningar í ráð og nefndir 2022-2026

Lagðar eru til breytingar á skipun í byggingarnefnd íþróttamannvirkja. Að Birgir Andrússon komi inn sem aðalmaður í nefndina og Sigurður Guðmundsson sem varamaður hans.

7. 2301075 - Aðalskipulag - Endurskoðun - Vinnslutími

Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillögu að Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2025-2037, með þeim lagfæringum sem gerðar hafa verið í kjölfar kynningar, verði vísað í auglýsingu í samræmi við 31. gr. skipulagslaga, að undangenginni athugun Skipulagsstofnunar sbr. 3. mgr. 30. gr. sömu laga.

8. 2412077 - Snjómokstursreglur í dreifbýli

Umhverfis- og landbúnaðarnefnd samþykkir fyrir sitt leiti nýjar snjómokstursreglur í dreifbýli og leggur til við sveitarstjórn að staðfesta þær.

9. 2409047 - Brákarbraut 25, gamla sláturhúsið - áætlun um niðurrif

Afgreiðsla frá 703. fundi byggðarráðs: "Byggðarráð samþykkir að ganga að tilboði Ó.K. Gámaþjónusta - sorphirðu ehf. að öllum skilyrðum uppfylltum og vísar til staðfestingar í sveitarstjórn. Samþykkt með tveimur atkvæðum (DS og GLE). Einn fulltrúi (REJ) sat hjá við afgreiðslu. Bókun REJ: Þar sem mikilvæg gögn um málið bárust ekki á tilsettum tíma situr fulltrúi Sjálfstæðisflokksins hjá við afgreiðslu þessa máls."

10. 2401233 - Snjómokstur í dreifbýli- Útboð 2025

Afgreiðsla frá 703. fundi byggðarráðs: "Byggðarráð samþykkir framlögð útboðsgögn og vísar til sveitarstjórnar. Samþykkt samhljóða."

11. 2310255 - Endurbætur á miðálmum Grunnskólans í Borgarnesi

Afgreiðsla frá 703. fundi byggðarráðs: "Byggðarráð staðfestir riftun á samningi við Land og verk ehf. 510914-0230 um framkvæmdir við endurbætur á húsnæði Grunnskólans í Borgarnesi. Verkinu hefur miðað hægt og er langt á eftir áætlun. Stefnt er að því að vinna hefjist á ný sem fyrst og mun vonandi ljúka í sumar. Grunnskólinn í Borgarnesi er stærsti vinnustaður sveitarfélagsins en um 340 börn eru við nám við skólann og starfsfólk ríflega 70 talsins. Þau eru beðin velvirðingar á þeim tögum sem orðið hafa og um leið þakkað fyrir skilninginn og æðruleysið. Samþykkt samhljóða."

12. 2501129 - Uppbygging í Borgarbyggð - kynningar- og markaðsmál

Afgreiðsla frá 703. fundi byggðarráðs: "Byggðarráð samþykkir framlagt samkomulag við Onno ehf. og vísar til fullnaðarafgreiðslu í sveitarstjórn. Samþykkt samhljóða."

13. 2410004 - Sparkvöllur á Hvanneyri - ástand og erindi um endurbætur

Afgreiðsla fundar byggðarráðs Borgarbyggðar frá fundi nr. 702: "Farið yfir ástand sparkvallar á Hvanneyri. Til fundarins koma Sonja Lind Eyglóardóttir starfandi íþrótt- og tómstundafulltrúi og Kristinn Óskar Sigmundsson forstöðumaður íþróttamannvirkja.

Byggðarráð tekur undir með íbúum á Hvanneyri að tímabært er að endurnýja gervigrasvöllinn á Hvanneyri. Hann er mikið notaður í frístundum, íþróttastarfi og leik barna í tengslum við skólastarf. Kynnt var ítarleg kostnaðaráætlun, lögð fram tillaga að fyrirkomulagi endurbóta. Ljóst er að völlurinn stendur undir skemmdum ef ekki verður brugðist við.

Sveitarstjóra falið að láta ráðast í endurnýjun vallarins á þeim grundvelli enda rúmast hún innan fjárheimilda.
Samþykkt samhljóða."

14. 2503305 - Uppbygging íþróttamannvirkja í Borgarbyggð

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 702: "Búið er að taka fyrstu skóflustungu að nýju fjölnota íþróttahúsi í Borgarnesi og framkvæmdir að hefjast. Verkefni byggingarnefndar íþróttamannvirkja halda þó áfram og framundan er undirbúningur að stækkun íþróttamiðstöðvarinnar í Borgarnesi.

Byggðarráð fagnar því að framkvæmdir eru nú hafnar við nýtt fjölnota íþróttahús í Borgarnesi. Áætlað er að byggingu hússins verði lokið haustið 2026. Þó svo framkvæmdir séu hafnar við fjölnota húsið þá er verkefnum byggingarnefndar íþróttamannvirkja ekki lokið. Áætlað er að hefja næsta áfanga uppbyggingar íþróttamannvirkja en í honum felst stækkun á íþróttamiðstöðinni í Borgarnesi með nýjum íþróttasal. Byggðarráð felur byggingarnefnd íþróttamannvirkja að hefja undirbúning að hönnun og skipulagi á nýjum íþróttasal sem tengdur verður íþróttamiðstöðinni.
Samþykkt samhljóða.

Sonja og Kristinn fóru af fundi að afloknum þessum dagskrárlið."

15. 2411241 - Framtíð Hamarsbæjarins

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 702: Í samræmi við afgreiðslu frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 690 hefur átt sér stað samtal við Golfklúbb Borgarness um framtíð Hamarsbæjarins. Íbúðarhúsið að Hamri er í eigu Borgarbyggðar en Golfklúbbur Borgarness er með húsið á leigu samkvæmt samningi frá árinu 2003. Sá samningur rennur út í árslok 2028. Lögð er fram tillaga um að sveitarstjóra verði falið að leita tilboða í húsið og samhliða gera samkomulag við Golfklúbbsinn um uppgjör á leigusamingi klúbbsins.

Byggðarráð felur sveitarstjóra að láta stofna sér lóð utan um Hamarsbæinn. Í framhaldinu verði unnið að samkomulagi við Golfklúbb Borgarness um uppgjör á samningi milli aðila. Sveitarstjóra er falið að kynna drög að auglýsingu um sölu hússins fyrir byggðarráði að því loknu.
Samþykkt samhljóða."

16. 2409280 - Refa - og minkaveiði 2024

Afgreiðsla frá umhverfis- og landbúnaðarnefnd frá fundi nr. 76: "Lagt er fram fyrirkomulag um verklag, fjölda veiddra dýra og gjald til refa- og minkaveiðimanna í sveitarfélaginu.

Umhverfis- og landbúnaðarnefnd samþykkir að verðlaun fyrir veidda refi og minka. Fyrir hlauparef, grendýr eða yrðling verða greiddar kr. 17.800,- og fyrir hvern veiddan mink kr. 12.900,- til samræmis við gildandi fjárhagsáætlun. Innifalið í verðlaunum er akstur og vinnulaun. Samningar við skyttur sveitarfélagsins gilda út árið 2025. Samþykkt samhljóða."

17. 2504026 - Hagsmunasamtök landeigenda vegna Holtavörðuheidalínu 1

Framlagt erindi stjórnar Hagsmunasamtaka landeigenda vegna Holtavörðuheidalínu 1 til sveitarstjórnar Borgarbyggðar.

18. 2503102 - Lagning jarðstrengja í Borgarbyggð 2025

Afgreiðsla frá 701. fundi byggðarráðs: "Byggðarráð fagnar mikilvægu og tímabæru átaki í að efla raforkuöryggi í sveitarfélaginu og þakkar gott samstarf við RARIK. Byggðarráð heimilar sveitarstjóra að undirrita framlagða samninga um Kárastaðaland og Kárastaðaland flugvöll en óskar eftir samtali við RARIK um strengleið í Hamarslandi og í landi Einkunna með samlegðaráhrif í huga. Samþykkt samhljóða."

19. 2503230 - Fundir byggðarráðs og sveitarstjórnar á vormánuðum 2025

Afgreiðsla fundar byggðarráðs frá fundi nr. 702: Lögð fram tillaga um fyrirkomulag á fundum byggðarráðs Borgarbyggðar í dymbilviku og á vormánuðum.

Fimmtudagur er hefðbundinn fundardagur byggðarráðs. Nú á vormánuðum fellur fimmtudagur í nokkrum tilvikum á lögbundinn frídag. Byggðarráð samþykkir eftirfarandi frávik frá hefðbundnum fundardegi, að fundir verði 16. apríl, 25. apríl, 30. apríl og 28. maí. Samþykkt samhljóða."

20. 2503128 - Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga 2025

Afgreiðsla frá 701. fundi byggðarráðs: "Framlagt og byggðarráð felur Lilju Björgu Ágústsdóttur sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs að mæta á fundinn fyrir hönd sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða."

21. 2503153 - Aðalfundur Reiðhallarinnar Vindási ehf.- 2025

Afgreiðsla frá 702. fundi byggðarráðs: "Framlagt og sveitarstjóra falið að mæta á fundinn fyrir hönd sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða."

22. 2503293 - Endurnýjun á fulltrúum í fulltrúaráði Háskólans á Bifröst

Afgreiðsla frá 702. fundi byggðarráðs: "Byggðarráð tilnefnir Thelmu Dögg Harðardóttir í fulltrúaráð Háskólans á Bifröst í stað Helga Eyleifs Þorvaldssonar en skipun hans rennur brátt út í samræmi við reglur. Byggðarráð staðfestir ennfremur að Guðveig Eyglóardóttir verði áfram varamaður í fulltrúaráði skólans. Samþykkt samhljóða."

23. 2503127 - Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur 2025

Afgreiðsla frá 703. fundi byggðarráðs: "Framlagt og mætir sveitarstjóri til aðalfundarins fyrir hönd sveitarfélagsins."

24. 2503178 - Aðalfundur Menntaskóla Borgarfjarðar 2025

Afgreiðsla frá 702. fundi byggðarráðs: "Framlagt og sveitarstjóra falið að mæta á fundinn fyrir hönd sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða."

25. 2503310 - Aðalfundur Gleipnis 2025

Afgreiðsla frá 702. fundi byggðarráðs: "Framlagt og sveitarstjóra falið að mæta fundinn fyrir hönd sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða."

26. 2503153 - Aðalfundur Reiðhallarinnar Vindási ehf.- 2025

Afgreiðsla frá 702. fundi byggðarráðs: "Framlagt og sveitarstjóra falið að mæta á fundinn fyrir hönd sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða."

Fundargerð

27. 2503018F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 701

- 27.1 2503154 - Dagsetning byggðarráðsfundar
- 27.2 2401059 - Mælaborð um rekstur Borgarbyggðar
- 27.3 2502295 - Kjarasamningar við Kennarasamband Íslands 2025
- 27.4 2503032 - Norðtungukirkjugarður - vegur og girðing
- 27.5 2503102 - Lagning jarðstrengja í Borgarbyggð 2025
- 27.6 2411093 - Verðfyrirspurn v. tjaldsvæða í Borgarnesi og Varmalandi
- 27.7 2308040 - 9 brautir fyrir Frisbee golf í Borgarnesi
- 27.8 2503123 - Erindi um klettlífursvæði í Borgarnesi
- 27.9 2310255 - Endurbætur á miðálmu Grunnskólans í Borgarnesi
- 27.10 2502085 - Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 2025
- 27.11 2503128 - Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga 2025
- 27.12 2503085 - Umsagnarmál frá Alþingi 2025
- 27.13 2503085 - Umsagnarmál frá Alþingi 2025
- 27.14 2503097 - Fundargerðir Heilbrigðisnefndar Vesturlands 2025
- 27.15 2501012 - Samband ísl. sveitarfélaga - fundargerðir 2025
- 27.16 2501012 - Samband ísl. sveitarfélaga - fundargerðir 2025

28. 2503025F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 702

- 28.1 2410004 - Sparkvöllur á Hvanneyri - ástand og erindi um endurbætur
- 28.2 2503305 - Uppbygging íþróttamannvirkja í Borgarbyggð
- 28.3 2411241 - Framtíð Hamarsbæjarins
- 28.4 2502016 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2025
- 28.5 2404136 - Fjármögnun framkvæmdaáætlunar
- 28.6 2503146 - Umsókn um lóð - Vallarás_spennistöð

- 28.7 2404256 - Beiðni um umsögn - Beiðni um skipan raflínunefndar vegna Holtavörðuheidarlínu 1.
- 28.8 2503230 - Fundir byggðarráðs á vormánuðum 2025
- 28.9 2503293 - Fulltrúar Borgarbyggðar í fulltrúaráð Háskólans á Bifröst
- 28.10 2503127 - Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur 2025
- 28.11 2503139 - Aðalfundur Veiðifélags Langár 2025
- 28.12 2503178 - Aðalfundur Menntaskóla Borgarfjarðar 2025
- 28.13 2503310 - Aðalfundur Gleipnis 2025
- 28.14 2503153 - Aðalfundur Reiðhallarinnar Vindási ehf.- 2025

29. 2503034F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 703

- 29.1 2504002 - Ársreikningur Borgarbyggðar 2024
- 29.2 2503350 - Lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga 2025
- 29.3 2501129 - Uppbygging í Borgarbyggð - kynningar- og markaðsmál
- 29.4 2401098 - Fyrirkomulag sumarfría hjá starfsmönnum ráðhúss
- 29.5 2504008 - Kæra til Kæruneftndar húsamála
- 29.6 2310255 - Endurbætur á miðálmu Grunnskólans í Borgarnesi
- 29.7 2401233 - Snjómokstur í dreifbýli- Útboð 2025
- 29.8 2409047 - Brákarbraut 25, gamla sláturhúsið - áætlun um niðurrif
- 29.9 2503127 - Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur 2025
- 29.10 2503330 - Veiðifélag Norðurár - Aðalfundarboð
- 29.11 2504001 - Aðalfundur Veiðifélags Álftár 11. apríl 2025

30. 2503012F - Umhverfis- og landbúnaðarnefnd - 76

- 30.1 2401233 - Snjómokstur í dreifbýli- Útboð 2025
- 30.2 2412077 - Snjómokstursreglur í dreifbýli
- 30.3 2409280 - Refa - og minkaveiði 2024
- 30.4 2503209 - Hreinsunaráttök 2025 - Þéttbýli
- 30.5 2503209 - Hreinsunaráttök 2025 - Dreifbýli
- 30.6 2406043 - Kalt vatn, vatnsveita - Varmaland

31. 2503036F - Skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar - 75

- 31.1 2503123 - Erindi um klettaklifursvæði í Borgarnesi
- 31.2 2308040 - 9 brautir fyrir Frisbee golf í Borgarnesi
- 31.3 2503334 - Umsókn um deiliskipulag
- 31.4 2502078 - Túngata 12 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi
- 31.5 2504003 - Fyrirspurn um skipulagsmál
- 31.6 2503326 - Brúartorg 1 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi
- 31.7 2301075 - Aðalskipulag - Endurskoðun - Vinnslutími

08.04.2025

Lilja Björg Ágústsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslu.